

**Fundargerð 373. fundar  
framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,  
haldinn 18. september 2019, kl. 15.30 að Grensásvegi 16.**

**Fundinn sátu:**

Sandra B Franks, formaður  
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður  
Jóhanna Traustadóttir, ritari  
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

**Fundarritun:**

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

**Dagskrá**

- 1. Fundur settur**
- 2. Fundargerð síðasta fundar**
- 3. Formannaráðsfundur BSRB, kjaramál, staðan nú**
  - Fundir BSRB með ríkinu
  - Fundir SLFÍ með:
    - Ríki
    - Reykjavíkurborg
- 4. Nýjar reglur um**
  - Starfsmenntasjóð, breyta þarf skipulagsskrá sjóðsins á komandi þingi
  - Starfsþróunarsjóður SLFÍ
  - Fræðslusjóður
  - Umgjörð um starfsemi sjóðanna
- 5. Ráðstefna um vaktavinnu í Coeur D´ealene, Idaho USA 9/9 til 13/9**

**Önnur mál**

- Ljósritunarvél
- Starfsmannagigg

**Fundargerð**

**1. Fundur settur**

Sandra B Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

## 2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á netið.

## 3. Kjaramál, kjaraviðræður

- SBF gerði grein fyrir helstu málum sem verið hafa í umræðunni frá upphafi og stöður þeirra nú. Fundir sem verið hafa á vegum BSRB við ríkið frá því síðast hafa litlu skilað, en ákveðnar hugmyndir voru kynntar frá „vaktavinnuhópnum“ sem hefur starfað og er skipaður fulltrúum viðsejenda, en þær verða skoðaðar á komandi fundi „Samningseininga“ BSRB. Næstkomandi föstudag munu samningseiningar hittast og fara yfir stöðuna og velta upp næstu skrefum.
- SBF fór yfir umræðuna á síðasta fundi félagsins með SNR, þ.s. sérstaklega var farið yfir stöðuna í viðræðum á milli aðila.
- SLFÍ hefur ekki fundað með samninganefnd Reykjavíkurborgar frá síðasta fundi framkvæmdastjórnar, en formaður samninganefndar borgarinnar hefur verið í sambandi við formann SLFÍ varðandi aðild að fagráði og stjórnarsetu í stjórn Starfsþróunarsjóðs.
- Engir fundir hafa verið með SFV eða SNS varðandi kjarasamninga.

## 4. Nýjar reglur/lög um skipulag og stjórnun Starfsþróunarsjóðs, Starfsmenntasjóðs og Fræðslusjóðs

SBF fór yfir að unnið væri að uppfærslu laga og úthlutunarreglna þessara sjóða þ.s. mikil breyting hefur orðið á eftir að bókun 8 náðist í gegn eftir mikil átök og marga fundi. Þessar breytingar þurfa allar að ræðast og verða samþykktar á næsta fulltrúafingi félagsins á komandi vori.

## 5. Ráðstefna um vaktavinnu í Coeur D'Alene í USA dagana 9/9 – 13/9

GÖG gerði grein fyrir helsta inntaki ráðstefnunnar, en mun fara ítarlega yfir það áhugaverðasta á komandi trúnaðarmannaráðsfundi.

## Önnur mál

- SBF fór yfir að gamla ljósritunarvélin hafi gefið upp andann og ný verið keypt.
- SBF fór yfir að til stæði að halda starfsmannahitting þ.s. framkvæmdastjórn væri með. Stefnt er að 26. september.
- GÖG gerði grein fyrir helsta efni Sjúkraliðans blaði félagsins, sem kemur út í næsta mánuði.
- SBF gerði grein fyrir að búið væri að senda út fyrstu hvatningu til trúnaðarmanna um að benda á og rökstyðja ábendingu á stjórnanda ársins 2019, sem er árleg hefð hjá félaginu.

Fundi slitið kl. 17.30